

Hreppsnefnd Flóahrepps

14.11.2022

Árni Eiríksson

Fyrir hönd hestamannafélagsins Sleipnis sæki ég aftur um 2.millj. styrk frá Flóahreppi til reiðvegagerðar á næsta ári 2023 eins og við sóttum um á síðasta ári. Við fengum þá 1 millj. kr. og þökkum við kærlega fyrir það.

Framkvæmdir á þessu ári: Lagaður var reiðvegur frá Skúfslæk að Grund. Brotinn gamall reiðvegur frá Ragnheiðarstöðum að Lækjarbakka. Lagður nýr reiðvegur og brotinn frá Önundarholtshæð að Lútanda og frá Hróarsholtvegamótum að Klettholti. Einnig lögðum við nýjan reiðveg frá Oddgeirshóla-Austurkoti að Brúnastöðum og fengum við 1,5 millj. kr. úr aukasjóði LH sem heitir Ferðaleiðir.

Áfram teljum við eins og getið var í bréfi okkar í fyrra að nauðsynlegt sé að leggja reiðveg með Súluholtvegi vegna aukinnar umferða í Súluholtgryfjur. Þá er eftir að finna lausn á lagningu reiðvega með nýlögðu slitlagi við Urriðafoss og vonumst eftir því að sveitastjórn ná samkomulagi við landeigendur um þá framkvæmd en s.kv. samkomulagi sem LH og Vegagerðin gerðu sína milli í maí 1982 þá ber að leggja reiðveg með vegum sem eru með bundnu slitlagi. Við teljum að það nauðsynlegt vegna mikillar bílaumferðar að Urriðafossi sem á enga samleið með ríðandi umferð og getur skapað óþarfa hættu.

Með fyrirfram þökk og þakklæti fyrir fyrirgreiðslur liðinna ára

Einar Hermundsson form. reiðveganefndar Sleipnis.